

Fundargerð 7. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: Kot, VRÍI, HÍ.

Tími: 5. Janúar 2013 kl. 9.15-10:30

Viðstaddir: Aldís Ingimarsdóttir (AI), Dagur Jónsson (DJ), Hrund Ó. Andradóttir (HÓA), Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ) og Jónas Elíasson (JE).

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
 2. Dagskrá Málþings um Neysluvatnsöflun á Íslandi (DJ, AI)
 3. Önnur störf (vefsíða og FB síða)
 4. Önnur mál.
-

1. Fundargerð síðustu funda

Fundargerð síðasta fundar var yfirfarin og samþykkt.

2. Skipulagning málþings um neysluvatnsöflun á Íslandi.

DJ og AI lögðu fram drög að dagskrá málþingsins. Farið var yfir drögin og ákveðið að AI og DJ munu halda áfram að vinna að skipulagningunni. Þau munu hafa samband við fyrirlesara með áherslu á heiti málþingsins „Veikir hlekkir í vatnsöflun“ sem efni í fyrirlestrum. Lagt var til að halda málþingið 11. apríl milli klukkan 13 og 17. AI mun kanna með möguleika á stofu í HR þann dag.

3. Önnur störf vorannar

Heimasíða félagsins: <http://www.vafri.hi.is/>

Unnið verður að því að bæta inn gögnum og fræðsluefni. DJ og AI munu vinna í að setja inn efni um vatnsveitur. HÓA mun hafa samband við Maríu og kanna möguleika á að láta nemendur vinna verkefni sem geta nýst sem fræðsluefni á heimasíðunni.

Facebook síða VAFRÍ: HÓA mun kanna með að stofna svokallaða „opna grúppu“ í nafni félagsins í stað facebook síðu.

4. Önnur mál

4.1 Innheimta félagsgjalda

Staðan er óbreytt frá á síðasta fundi, 21 hefur greitt félagsgjaldið af 66 skráðum meðlimum félagsins. ÍÞ mun senda vefpóst til félagsmanna um að greiða gjaldið áður en farið verður í innheimtu í gegnum banka.

4.1 Flóðahandbókin

JE (Jónas Elíasson, prófessor emerítus við Háskóla Íslands) hefur verið að taka saman handbók fyrir hönnunarflóð á Íslandi. Handbókin hefur nú verið yfirfarin og JE samþykkti að setja hana í núverandi mynd inn á heimasíðu félagsins.

4.3 Aðalfundur VAFRÍ

Stefnt er að því að halda aðalfund félagsins 25 eða 30. apríl n.k. mögulega verða þá tvö erindi áður en hefðbundin aðalfundastörf fara fram. Annað um flóðahandbókina og hitt um vatnsöflun í Noregi. Al mun hafa samband við Svein Þórólfsson í Noregi varðandi það hvenær hann verður á landinu.

Fundi var lokið um kl. 10:30

Næsti fundur verður 26. febrúar 2013. Klukkan 9:15.

Fundarritari: Aldís Ingimarsdóttir, aldisi@ru.is